

Fundargerð Þjóðgarðsráðs Snæfellsjökulspjóðgarðs

12. fundur

Þriðjudagur 19.mars 2024, kl. 14:30 í fjarfundi.

Mættir: Anna Hallgrímsdóttir, Hákon Ásgeirsson, Inga Dóra Hrólfsdóttir, Kristinn Jónasson, Magnús Aðalsteinn Sigurðsson, Sigurður Guðjónsson og Þórður Runólfsson.

Fundargerð ritaði Rut Ragnarsdóttir, þjónustustjóri Snæfellsjökulspjóðgarðs

Sigurður boðinn velkominn í Þjóðgarðsráð og kynnti hann sig fyrir nefndinni.

Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Fjöldi ferðamanna 2024.

Hákon fór yfir fjölda ferðamanna árið 2024. Í janúar fóru 7279 manns í gegnum Þjóðgarðinn. Teljari Vegagerðar bilaði í febrúar og vinnum við í að fá réttar tölur. Gestafjöldi í mars var 14.235 manns. Mikil aukning gesta hefur verið í Þjóðgarðsmiðstöð en gestafjöldi var í janúar 1808 manns, febrúar 3085 manns og mars 4418. Gestafjöldi á Malarrið á janúar 1436 manns, febrúar 2810 manns og í mars 4057.

Merkingar.

Merkingar á byggingu Þjóðgarðsmiðstöðvar eru í tilboðsferli og er sú hönnun unnin af Arkís arkitektum. Áætlað er að merkingar á Þjóðgarðsmiðstöð verði settar upp á sumarmánuðum.

Rætt var um aðrar merkingar að byggingunni. Unnið er að skilti á bílastæði Þjóðgarðsmiðstöðvar þar sem opnunartími gestastofa kemur fram ásamt korti af svæðinu og almennum upplýsingum um Snæfellsjökulspjóðgarð.

Lagt til að umræða verði tekin upp með Vegagerð að setja merkingu við þjóðveg sem vísar á Þjóðgarðsmiðstöð sbr og er við Gestastofu á Malarriði.

Malarrið – Vitavarðahús

Minjastofnun hefur sent Fjársýslu ríkisins bréf þess efnis að vitavarðahúsið verði verndað vegna menningarlandslags og sögu svæðissins. Minjavörður fylgir því eftir.

Bílastæðamál.

Hákon fór yfir bílastæðamál við Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi en þar eru helmingi færri bílastæði en við Gestastofuna á Malarrífi. Á Hellissandi eru 2 rútustæði, 25 einkabílastæði og 2 stæði fyrir fatlaða.

Ljóst er að bílastæðið var minnkað í niðurskurðsferli á byggingartíma. Sótt var um í Landsáætlun fyrir stækkun og frágang á bílastæði við Þjóðgarðsmiðstöð og var niðurstaðan sú að þetta verkefni falli ekki þar undir.

Út frá núverandi gestafjölda eru þetta ekki nægilega mörg stæði og þarf að skoða með sveitarfélaginu hvaða möguleikar eru í stöðunni til að stækka bílastæðið. Hákon boðar fund með sveitarfélaginu til að taka málið áfram.

Gjaldtaka.

Fyrirhugað er að setja upp valfrjálsar greiðslulausnir í þjóðgarðinum ásamt öðrum friðlýstum svæðum innan Umhverfisstofnunnar. Til að byrja með stendur til að setja upp skilti um valfrjálsargreiðslur fyrir sumarið á Djúpalóni, Malarrif, Svalþúfu og Saxhól.

Ferðþjónustuaðilar verða upplýstir um þjónustugjald með góðum fyrirvara. Í þessu ferli hefur Umhverfisstofnun átt gott samtal við SAF og ríkir mikill skilningur fyrir því.

Sýningarmál.

Hönnunarteymið kom til okkar 20. febrúar og fóru yfir sýningardrög með starfsfólki þjóðgarðsins. Eftir þá heimsókn er unnið að uppfærslum á sýningunni. Mikil vinna hjá starfsfólki þjóðgarðsins við að finna efni og texta. Búið er að ráða verktaka sem mun sjá um textasmíð og þýðingar á sýningarefninu.

Vonumst til að geta deilt með þjóðgarðsráði loka tillögu að sýningunni á næsta fundi. Rætt um opnun sýningarinnar.

Starfsmannamál.

Búið er að ráða fimm sumarlandvarði sem vinna mismunandi löng tímabil. Tveir eru úr héraði en þrír munu nýta landvarðahús á Gufuskálum. Auglýst verður eftir einum þjónustufulltrúa til viðbótar fyrir sumar. Frábært teymi sem kemur til okkar í sumar og sjáum við fram á stórt sumar í Snæfellsjökulsþjóðgarði.

Snæfellsjökulsþjóðgarður fékk fleiri landvarðavikum úthlutað en í fyrra og kemur hluti af þeim frá væntingum út frá gjaldtöku sumarsins. Síðasta sumar voru landvarðavikurnar 74 en 8 vikur bætast við þetta árið.

Verið er að skoða útfærslur á auknum opnunartíma í Þjóðgarðsmiðstöð fyrir sumarið.

Heimsóknir.

Margar heimsóknir hafa verið í Þjóðgarðsmiðstöð og er gaman að sjá hvernig fólk upplifir hvað við erum að gera sem vekur mikla aðdáun. Upplifun gesta til Þjóðgarðsins er almennt jákvæð sem hjálpar okkur að halda áfram okkar vinnu.

Önnur mál.

Mikilvægt að koma upp tengingu fyrir gangandi vegfarendur til og frá Þjóðgarðsmiðstöð yfir Þjóðveginn að bænum. Algengt að gestir sem koma í Þjóðgarðsmiðstöð gangi inn í bæinn og eins starfsfólk sem gengur til vinnu þarf að ganga á Þjóðveginum til vinnu. Væri vert að skoða gönguleið á milli sjóminjasafns og Þjóðgarðsmiðstöðvar og tengja hana áfram inn í bæinn. Gestir vilja labba inn í bæinn og þurfa að geta gert það á öruggan hátt. Hákon tekur upp málið með Vegagerð og sveitarfélaginu.

Ekki fleiri mál rædd.

Næsti fundur ákveðinn 6.maí kl. 14:00